

SKIPULAG TUNGUÁRVIRKJUNAR Í ÞISTILFIRÐI

ÚRVINNSLA UMSAGNA EFTIR KYNNINGU SKIPULAGSLÝSINGAR

VERKNÚMER: 17128-001
VERKHLUTI: 1-14 og 1-15
HÖFUNDUR: EBK
RÝNT: EIJ
DREIFING: Langesbyggð

DAGS.: 9. júní 2026

Umsagnir um vinnslutillögur skipulags vegna Tunguárvirkjunar í Þistilfirði

1 Kynning

Skipulagslýsingin vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags fyrir Tunguárvirkjun var kynnt 6. – 28. febrúar 2025, mál nr. 129/2025 í Skipulagsgátt. Umsagnir bárust frá 9 aðilum auk Skipulagsstofnunar. Unnið var úr umsögnum og þær nýttar í skipulagsgeðinni.

Sveitarstjórn Langesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. janúar 2026 að kynna vinnslutillögur aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags fyrir Tunguárvirkjun. Vinnslutillögurnar voru kynntar frá 10. febrúar til og með 10. mars 2026, mál nr. 129/2025 og 130/2025 í Skipulagsgátt.

Umsagnir bárust frá 6 aðilum vegna aðalskipulagsbreytingarinnar og 9 vegna deiliskipulagsins, sjá neðangreindar töflur (Tafla 1.1 og 1.2). Í töflunum eru teknar saman athugasemdir fyrir aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið. Í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar (HMS) um skipulagslýsingu verkefnisins óskaði Langesbyggð eftir umsögn Umhverfis- og orkustofnunar en umsögn hefur ekki borist frá henni.

Tafla 1.1 Umsagnir um vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Fiskistofa Hera Katrín Aradóttir	12. feb. 2026	Athugasemd varðandi leyfi
Hafrannsóknarstofnun Hlynur Bárðarson	23. feb. 2026	Vísað til umsagnar um skipulagslýsingu
Náttúrufræðistofnun Ingvar Atli Sigurðsson	23. feb. 2026	Athugasemd varðandi votlendi, fossa, B-hluti Náttúruminjaskrár, jarðgrunn og umhverfismat skipulagsins
Vegagerðin Magnús Björnsson	23. feb. 2026	Athugasemd varðandi veg, lagfæringar á vegi, veghelgun, brú yfir Tunguá og leyfi
Veðurstofan	1. mars 2026	Gerir ekki athugasemd
Minjastofnun Sædís Gunnarsdóttir	6. mars 2026	Gerir ekki athugasemd



Tafla 1.2 Umsagnir um vinnslutillögu deiliskipulags.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Náttúruverndarstofnun Axel Benediktsson	10. feb. 2026	Vísað til umsagnar um skipulagslýsingu
Fiskistofa Hera Katrín Aradóttir	12. feb. 2026	Athugasemd varðandi leyfi
Hafrannsóknarstofnun Hlynur Bárðarson	23. feb. 2026	Vísað til umsagnar um skipulagslýsingu
Náttúrufræðistofnun Ingvar Atli Sigurðsson	23. feb. 2026	Athugasemd varðandi votlendi, fossa, B-hluti Náttúruminjaskrár, jarðgrunn og umhverfismat skipulagsins
Vegagerðin Magnús Björnsson	23. feb. 2026	Athugasemd varðandi veg, veghelgunarsvæði og samráð
Rarik Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir	26. feb. 2026	Gerir ekki athugasemd
Norðurþing Eyrún Torfadóttir	3. mars 2026	Gerir ekki athugasemd
HNE - Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra Jóhannes H Hauksson	6. mars 2026	Gerir ekki athugasemd
Minjastofnun Sædís Gunnarsdóttir	6. mars 2026	Ábendingar varðandi rannsóknir, flöggun, fundi og sýni og lög um menningarminjar

2 Efni athugasemda og viðbrögð við þeim

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir og tillögur að viðbrögðum. Athugasemdirnar hafa verið brotnar upp í minni einingar eftir viðfangsefni.

2.1 Úrvinnsla umsagna vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Tunguárvirkjun

Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum	
1.1	Fiskistofa	Leyfi	Fiskistofa bendir á 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en greinin kveður á um að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, sé háð leyfi Fiskistofu. Gerð virkjunar fellur undir svið þessarar lagagreinar og er framkvæmdin því leyfisskyld. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.	Bætt er inn texta um leyfi Fiskistofu í töflu um efnistöku- og efnislosunarsvæði í kafla 3.1. Leitað verður álits Veiðifélags Svalbarðsár og viðeigandi sérfræðings þegar sótt verður um leyfi Fiskistofu í tengslum við framkvæmdaleyfisumsókn.
2.1	Hafrannsóknastofnun	Engar athugasemdir	Hafrannsóknastofnun telur ekki tilefni til að veita umsögn á þessu stigi. Stofnunin áskilur sér þó rétt til að koma á framfæri umsögn á síðari stigum málsmeðferðar. Stofnunin áréttar jafnframt að hún hafi þegar veitt umsögn á fyrri stigum málsins. Við afgreiðslu tillögunnar skal byggja á þeirri umsögn og sjónarmiðum sem þar koma fram. Ef athugasemdir eða ef tilefni telst til að óska nánari skýringa á afgreiðslu Hafrannsóknastofnunar er bent á að beina þeim til stofnunarinnar með formlegu erindi, sent á netfangið hafogvatn@hafogvatn.is.	Í vinnslutillögunni hefur verið brugðist umsögn Hafrannsóknarstofnunar um skipulagslýsingu, eftir því sem tilefni er til. Unnið hefur verið áhrifamat vatnshlota og er það viðauki við fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar sem einnig er umhverfismatsskýrsla skipulagsins. Í kafla 2.4. í greinargerð tillögunnar er bætt inn texta um vatnshlot og vísað til ofangreinds mats. Einnig er settur fyrirvari í 3. kafla vegna vegna heimildar til breytinga á vatnshlotum í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
3.1	Náttúrufræðistofnun	Votlendi	Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu sömu mála 28. febrúar 2025 og ítrekar hér að fyrirhuguð virkjun er á nánast óröskuðu landi þar sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.	Ákvæðum um að draga skuli úr skerðingu á votlendi og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi er bætt inn í töflu um athafna- og iðnaðarstarfsemi í kafla 3.1. Hafa ber í huga að landið er í nálægð við byggð í dreifbýli og hefur verið nýtt sem landbúnaðarland til langs tíma. Svæðið er því ekki að öllu leyti óraskað.
3.2	Náttúrufræðistofnun	Fossar	Á svæðinu eru einnig fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu lögum, en Náttúrufræðistofnun bendir á að mikið vantar upp á að allir fossar landsins séu sýndir í kostasjá stofnunarinnar um sérstaka vernd.	Texta um náttúuminjar í kafla 2.9 í greinargerð er breytt m.t.t. athugasemdar stofnunarinnar.
3.3	Náttúrufræðistofnun	B-hluti Náttúruminjaskrár	Þá er svæðið rétt sunnan við Melrakkaslétta, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta Náttúruminjaskrár.	Í kafla 2.9 í greinargerð skipulagsins kemur fram að Melrakkaslétta sé norðan skipulagssvæðisins og hún sé á B-hluta náttúruminjaskrár. Athugasemdin kallar ekki á breytingu á greinargerð.

Athugasemd frá		Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
3.4	Náttúrufræðistofnun	Jarðgrunnur	Ekki er gerð grein fyrir jarðgrunni og landmótun svæðisins í greinargerð með deiliskipulaginu og er það mat stofnunarinnar að þörf sé á því þar sem jökulræn landform eru innan fyrirhugaðs virkjunar- og efnistökusvæðis. Jarðgrunnur svæðisins hefur lítillega verið rannsakaður en jökulgarður hefur verið kortlagður rétt fyrir innan Garð og Hagaland. Fyrirhugað efnistökusvæði N24 er staðsett á jökulgarðinum og stöðvarhúsið rétt fyrir innan hann. Jökulgarðurinn er talinn hafa myndast við jökulframrás á síðjökultíma og er landmótunin hluti af jöklunarsögu svæðisins. ^{1, 2}	Í tengslum við frumhönnun virkjunarinnar 2018 var gerð úttekt á jarðfræði svæðisins. Efnistökusvæði N24 er eingöngu ætlað fyrir Tunguárvirkjun og aðeins ef ekki fæst nægjanlegt efni við uppgröft vegna framkvæmda. Sjá einnig lið 4.4 í viðbrögðum við athugasendum við deiliskipulagið. Tilvísun í frumhönnunarskýrslu virkjunarinnar er bætt inn í kafla 2.2 í greingerð skipulagsins. Skýrslan er viðauki við fyrirspurnarskýrslu sem einnig er umhverfismatsskýrsla skipulagsins.
3.5	Náttúrufræðistofnun	Umhverfismat	Fram kemur í umhverfismati skipulagsins að „, Stefnan hefur í för með sér umfangsmikið beint rask en engar jarðmyndanir sem njóta verndar er að finna á svæðinu“ og að áhrifin séu neikvæð. Í kaflanum um samantekt á umhverfisáhrifum valkosta er hins vegar ekki minnst á áhrif á jarðminjar og er það mat stofnunarinnar að nauðsynlegt er að það sé tekið fram í samantektinni enda áhrifin neikvæð og óaft urkræf. Í greinargerðinni kemur fram að við athugun á fuglalífi fannst 21 fuglategund á eða við athugunarsvæðin, þar af þrjár sem metnar eru í hættu og sjö tegundir sem eru ábyrgðartegundir þar sem yfir 20 % af Evrópustofni nýtir Ísland sem varpsvæði. Ekkert er hins vegar fjallað um áhrif framkvæmda á fuglalíf í kaflanum: „Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta.“	Texta um beint rask er bætt inn í samantekt umhverfismatsins í kafla 4.7. Einnig er bætt inn texta um áhrif á búsvæði fugla í mati á áhrifum á náttúrufarslega þætti og samantekt á umhverfisáhrifum valkosta í kafla 4.7. Mat á áhrifum á vatnshlot er einnig uppfært í samræmi við niðurstöðu skýrslu um mat á áhrifum á vatnshlot, bæði í kafla 4.5 og í samantekt.
4.1	Vegagerðin	Vegur	Vegir sem skipulagið hefur áhrif á: Nafn vegar: Hagalandsvegur Númer-kafli: 8967-01 Vegflokkur: Héraðsvegur Vegtegund: D Breidd veghelgunarsvæðis * 15 m Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:** 50 m *mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar. **sjá Veghönnunarreglur.	Kallar ekki á viðbrögð í aðalskipulagi.
4.2	Vegagerðin	Lagfæringar á vegi	Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir. Samkvæmt tillögu eru tvö efnistökusvæði sem kalla á talsverða flutninga um Hagalandsveg. Hagalandsvegur er einbreiður og lítið uppbyggður héraðsvegur. Ef skemmdir verða á vegi ber framkvæmdaraðili ábyrgð á að vegur verði lagfærður.	Kallar ekki á viðbrögð í aðalskipulagi.
4.3	Vegagerðin	Veghelgun	Efnistaka er ekki leyfð innan veghelgunarsvæðis.	Ekki er gert ráð fyrir efnistöku innan veghelgunarsvæðis Hagalandsvegar.

Athugasemd frá		Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
4.4	Vegagerðin	Brú yfir Tunguá	Hluti af flutningum vegna efnistöku mun fyrir yfir brú yfir Tunguá hjá Hagalandi. Brúin er einbreið og samkvæmt brúarkerfi Vegagerðarinnar er hún gefin upp fyrir 10 tonna vagnþunga. Brúin hefur ekki verið metin nýlega og þarf að meta hversu mikinn þunga hún þolir áður en farið verður af stað í flutninga. Vegagerðin setur það sem skilyrði að samráð verði haft vegna brúarinnar.	Í töflu um efnistöku og efnislosunarsvæði í kafla 3.1 er bætt inn ákvæði um að samráð skuli haft við Vegagerðarinnar ef flytja þarf efni úr efnistökusvæði N22 um brúna.
4.5	Vegagerðin	Leyfi	Vegagerðin minnir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Öll mannvirki og framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.	Samráð verður haft við Vegagerðarinnar um mögulegar framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis.
5.1	Veðurstofan	Engar athugasemdir	Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu þessa.	Kallar ekki á viðbrögð
6.1	Minjastofnun	Engar athugasemdir	Minjastofnun hefur ekki athugasemdir við aðalskipulagið.	Kallar ekki á viðbrögð.

2.2 Úrvinnsla umsagna vegna vinnslutillögu deiliskipulags Tunguárvirkjunar

Nr.	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
1.1	Náttúruverndarstofnun	Engar athugasemdir	Náttúruverndarstofnun mun ekki veita umsögn um verkefnið á kynningarstigi, en stofnunin áskilur sér rétt á að veita umsögn á síðari stigum. Stofnunin bendir á jafnframt að hún hafi þegar veitt umsögn á fyrri stigum, svo sem á lýsingarstigi, og ber að leggja þá umsögn til grundvallar við gerð og afgreiðslu tillögunnar. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á nattura@nattura.is .	Í vinnslutillögunni hefur verið brugðist umsögn Náttúruverndarstofnunar um skipulagslýsingu, eftir því sem tilefni er til. Unnið hefur verið áhrifamat vatnshlota og er það viðauki við fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar sem einnig er umhverfismatskýrsla skipulagsins. Í kafla 2.4. í greinargerð tillögunnar er bætt inn texta um vatnshlot og vísað til ofangreinds mats. Í kafla 3.12 er bætt in skilmálum um að lámarka rask í farvegi Tunguár og bætt inn kafla um mengunarvarnir. Einnig er settur fyrirvari í upphaf 3. kafla vegna vegna heimildar til breytinga á vatnshlotum í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
2.1	Fiskistofa	Leyfi	Fiskistofa bendir á 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en greinin kveður á um að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, sé háð leyfi Fiskistofu. Gerð virkjunar fellur undir svið þessarar lagagreinar og er framkvæmdin því leyfisskyld. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.	Skilmálum um efnistöku við árbakka er bætt inn í kafla 3.7 um leyfi Fiskistofu. Leitað verður álits Veiðifélags Svalbarðsár og viðeigandi sérfræðings þegar sótt verður um leyfi Fiskistofu í tengslum við framkvæmdaleyfisumsókn.
3.1	Hafrannsóknastofnun	Engar athugasemdir	Hafrannsóknastofnun telur ekki tilefni til að veita umsögn á þessu stigi. Stofnunin áskilur sér þó rétt til að koma á framfæri umsögn á síðari stigum málsmeðferðar. Stofnunin áréttar jafnframt að hún hafi þegar veitt umsögn á fyrri stigum málsins. Við afgreiðslu tillögunnar skal byggja á þeirri umsögn og sjónarmiðum sem þar koma fram. Ef athugasemdir eða ef tilefni telst til að óska nánari skýringa á afgreiðslu Hafrannsóknastofnunar er bent á að beina þeim til stofnunarinnar með formlegu erindi, sent á netfangið hafogvatn@hafogvatn.is .	Í vinnslutillögunni hefur verið brugðist umsögn Hafrannsóknarstofnunar um skipulagslýsingu, eftir því sem tilefni er til. Unnið hefur verið áhrifamat vatnshlota og er það viðauki við fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar sem einnig er umhverfismatsskýrsla skipulagsins. Í kafla 2.4. í greinargerð tillögunnar er bætt inn texta um vatnshlot og vísað til ofangreinds mats. Í kafla 3.12 er bætt in skilmálum um að lágmarka rask í farvegi Tunguár og bætt inn kafla um mengunarvarnir. Einnig er settur fyrirvari í upphaf 3. kafla vegna vegna heimildar til breytinga á vatnshlotum í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
4.1	Náttúrufræðistofnun	Votlendi	Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu sömu mála 28. febrúar 2025 og ítrekar hér að fyrirhuguð virkjun er á nánast óröskuðu landi þar sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) og skal forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.	Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að halda öllu raski í lágmarki. Í köflum 3.4, 3.5, 3.8. og 3.9 er sérstaklega fjallað um að draga skuli úr skerðingu á votlendi og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi. Hafa ber í huga að landið er í nálægð við byggð í dreifbýli og hefur verið nýtt sem landbúnaðarland til langs tíma. Svæðið er því ekki að öllu leyti óraskað. Engu bætt við í greinargerð.

Nr.	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
4.2	Náttúrufræðistofnun	Fossar	Á svæðinu eru einnig fossar sem njóta verndar samkvæmt sömu lögum, en Náttúrufræðistofnun bendir á að mikið vantar upp á að allir fossar landsins séu sýndir í kostasjá stofnunarinnar um sérstaka vernd.	Texti í kafla 2.9 í greinargerð skipulagsins er uppfærður m.t.t. athugasemdar stofnunarinnar.
4.3	Náttúrufræðistofnun	B-hluti Náttúruminjaskrár	Þá er svæðið rétt sunnan við Melrakkasléttu, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta Náttúruminjaskrár.	Í kafla 2.9 í greinargerð skipulagsins kemur fram að Melrakkaslétta sé norðan skipulagssvæðisins og hún sé á B-hluta Náttúruminjaskrár. Engu bætt við í greinargerð.
4.4	Náttúrufræðistofnun	Jarðgrunnur	Ekki er gerð grein fyrir jarðgrunni og landmótun svæðisins í greinargerð með deiliskipulaginu og er það mat stofnunarinnar að þörf sé á því þar sem jökulræn landform eru innan fyrirhugaðs virkjunar- og efnistökusvæðis. Jarðgrunnur svæðisins hefur lítilla verið rannsakaður en jökulgarður hefur verið kortlagður rétt fyrir innan Garð og Hagaland. Fyrirhugað efnistökusvæði N24 er staðsett á jökulgarðinum og stöðvarhúsið rétt fyrir innan hann. Jökulgarðurinn er talinn hafa myndast við jökulframsás á síðjökultíma og er landmótunin hluti af jöklunarsögu svæðisins. ^{1, 2}	Í tengslum við frumhönnun virkjunarinnar 2018 var gerð úttekt á jarðfræði svæðisins. Virkjunin hefur ekki verið fullhönnuð og því er óvissa um þörf fyrir efnistöku og haugsetningu. Vegna óvissunnar heimilar deiliskipulagið talsvert meiri efnistöku og haugsetningu en gert er ráð fyrir í frumhönnun virkjunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að heimildirnar verði nýttar að fullu en þær veita svigrúm til að velja heppilegustu svæðin m.t.t. efnisgæða og umhverfisáhrifa. Í kafla 3.7 í greinargerð skipulagsins er kveðið á um að efni úr efnistöku- og efnislosunarsvæðum N24, N25 og N26 skuli eingöngu nýtt ef ekki fæst nægt nýtanlegt efni við uppgröft vegna framkvæmda og úr lónstæðinu. Komi til álita að nýta efni úr N24 verður gerð athugun á gildi svæðisins m.t.t. jökulgarðs þannig að forðast megí röskun á merkum jarðminjum. Tilvísun í frumhönnunarskýrslu virkjunarinnar er bætt inn í kafla 2.2 í greingerð skipulagsins. Skýrslan er viðauki við fyrirspurnarskýrslu sem einnig er umhverfismatsskýrsla skipulagsins.
4.5	Náttúrufræðistofnun	Umhverfismat	Fram kemur í umhverfismati skipulagsins að „Stefnan hefur í för með sér umfangsmikið beint rask en engar jarðmyndanir sem njóta verndar er að finna á svæðinu” og að áhrifin séu neikvæð. Í kaflanum um samantekt á umhverfisáhrifum valkosta er hins vegar ekki minnst á áhrif á jarðminjar og er það mat stofnunarinnar að nauðsynlegt er að það sé tekið fram í samantektinni enda áhrifin neikvæð og óafturkræf. Í greinargerðinni kemur fram að við athugun á fuglalífi fannst 21 fuglategund á eða við athugunarsvæðin, þar af þrjár sem metnar eru í hættu og sjö tegundir sem eru ábyrgðartegundir þar sem yfir 20 % af Evrópustofni nýtir Ísland sem varpsvæði. Ekkert er hins vegar fjallað um áhrif framkvæmda á fuglalíf í kaflanum: „Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta.“	Texta um beint rask er bætt inn í samantekt umhverfismatsins í kafla 4.7. Einnig er bætt inn texta um áhrif á búsvæði fugla í mati á áhrifum á náttúrufarslega þætti og samantekt á umhverfisáhrifum valkosta í kafla 4.7. Mat á áhrifum á vatnshlot er einnig uppfært í samræmi við niðurstöðu skýrslu um mat á áhrifum á vatnshlot, bæði í kafla 4.6 og 4.7.
5.1	Vegagerðin	Vegur	Vegir sem skipulagið hefur áhrif á: Nafn vegar: Hagalandsvegur Númer-kaflí: 8967-01 Vegflokkur: Héraðsvegur Vegtegund: D Breidd veghelgunarsvæðis * 15 m Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:** 50 m *mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar. **sjá Veghönnunarreglur.	Framkvæmdareitur við Hagalandsveg, þar sem gert er ráð fyrir veginum að virkjuninni, er í minnst 70 m fjarlægð frá heimreið að Garði. Fjarlægðum að næstu gatnamótum bætt inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Nr.	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
5.2	Vegagerðin	Samráð	Vegamót við Hagalandsveg þurfa að vera því sem næst hornrétt. Hanna þarf vegamót í samráði við Vegagerðina.	Í kafla 3.8 í greinargerð vinnslutillögunnar kemur fram að samráð skuli haft við Vegagerðina um tengingu við Hagalandsveg. Bætt er inn í setninguna að einnig skuli haft samráð við Vegagerðina um útfærslu gatnamóta veganna. Skipulagsmörk og framkvæmdareitur eru víkkuð út næst Hagalandsvegi til að tryggja nægt svigrúm fyrir útfærslu gatnamótanna.
5.3	Vegagerðin	Veghelgunarsvæði	Samkvæmt Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru ávallt háðar leyfi frá Vegagerðinni.	Skilmálum um leyfi Vegagerðarinnar er bætt inn í kafla 3.8. Leitað verður leyfis Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.
5.4	Vegagerðin	Veghelgunarsvæði	Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.	Veghelgunarsvæði Hagalandsvegar er bætt inn á uppdrátt.
6.1	Rarik	Engar athugasemdir	Rarik gerir ekki athugasemdir við tillöguna. En vekur athygli á núverandi stofnstreng sem liggur um svæðið.	Tekið er mið af strengnum við útfærslu skipulagsins. Í greinargerð skipulagsins er kveðið á um samráð við Rarik um þverun strengsins og tenginu við dreifikerfið. Á framkvæmdatíma verður haft samráð við Rarik um framkvæmdir nærri strengnum. Engu bætt við í greinargerð.
7.1	Norðurþing	Engar athugasemdir	Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings hefur ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi vinnslutillögu að deiliskipulagi vegna Tunguárvirkjunar.	Kallar ekki á viðbrögð.
8.1	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	Engar athugasemdir	HNE gerir ekki athugasemd við kynningu Langanesbyggðar á tillögu á vinnslustigi (Nýtt deiliskipulag) fyrir Tunguárvirkjun í Þistilfirði.	Kallar ekki á viðbrögð.
9.1	Minjastofnun	Rannsóknir	Rannsaka þarf eftirfarandi aldursfriðaðar minjar með könnunarskurðum, með það fyrir augum að svara spurningum um aldur þeirra, gerð og mögulega hlutverk, auk þess sem skera þarf úr um hvort eldri minjar leynist undir þeim. 3385-028 óþekkt rúst 3385-029 heytóft	Skilmálum um rannsóknir er bætt inn í kafla 3.10 í greinargerð.
9.2	Minjastofnun	Flöggun	Einnig þarf að flagga með litríkum flöggum við túngarð 3471-001 á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir að hann verði fyrir raski.	Skilmálum um flöggun við 3471-001 er bætt inn í kafla 3.10 í greinargerð skipulagsins.

Nr.	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
9.3	Minjastofnun	Rannsóknir	Grafa skal 1 m breiðan könnunarskurð í rúst/tóft en ekki í gegnum eldri mannvirki sem kunna að koma í ljós undir, nema að höfðu samráði við Minjastofnun. Lengd fer eftir aðstæðum á vettvangi. Notast má við gröfu með ótenntri skóflu við gerð könnunarskurða og opnun svæða. Þar sem krafist er könnunarskurða skal ávallt grafa þá og skrá með viðurkenndum aðferðum fornleifafræðinnar. Í því felst að teikna skal snið (mælikvarði 1:10), í öllum skurðum þar sem mannvistarlög er að finna, auk þess sem þau skulu ljósmynduð. Einnig ber að lýsa jarðlögum í texta og halda utan um samhengi þeirra með flæðiriti (e. <i>matrix</i>). Í þeim tilvikum þar sem verður ekki grafið niður úr mannvistarlögum, t.d. gólfum eða veggjum bygginga, þá ber einnig að skrá þá skurði í fleti með viðurkenndum aðferðum (teikning, ljósmyndun, textalýsing). Ekki þarf að teikna snið í skurðum sem ekki innihalda mannvistarlög, en þau skulu þó ljósmynduð og þeim lýst í texta. Mæla þarf upp alla skurði í hnitakerfinu ISN93 og staðsetja á yfirlitskorti í skýrslu.	Framkvæmdaraðili mun láta gera rannsókn skv. leiðbeiningum Minjastofnunar, gerist þess þörf. Kallar ekki á viðbrögð í skipulagi.
9.4	Minjastofnun	Fundir og sýni	<i>Fundir (gripir og dýrabein)</i> Varðveita skal þá gripi og bein sem finnast in situ (á sínum stað) við rannsóknina og eru 100 ára og eldri. Ekki er nauðsynlegt að hirða alla gripi og dýrabein sem finnast í jarðvegi sem hefur myndast vegna nútíma athafna (rasks) á svæðinu og eru þ.a.l. ekki in situ. <i>Sýni - sýnataka</i> Komi í ljós fornleifar sem hægt er að aldursgreina út frá gjóskulögum, skal kalla til gjóskulagafræðing ef þurfa þykir. Ef gjóskulög nýtast ekki til aldursgreiningar skal senda viðeigandi lífrænt sýni úr öruggu samhengi við mannvistarlög til geislakolsgreiningar sé það mögulegt, s.s. bygg, kol, ofl.	Sjá ofangreind svör. Kallar ekki á viðbrögð í skipulagi.
9.5	Minjastofnun	Rannsóknir	Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um er að ræða forrannsókn, en Minjastofnun mun svo, að henni lokinni, ákveða hvort frekari rannsókna er þörf áður en framkvæmdir geta hafist. Verður fjallað sérstaklega um kröfur um mögulegar framhaldsrannsóknir þegar gögn úr forrannsókninni liggja fyrir og skýrslu hefur verið skilað til Minjastofnunar Íslands. Hafa ber í huga að rannsóknarkröfurnar, sem greint er frá í þessu skjali, gæti þurft að endurskoða út frá framvindu fornleifarannsóknar og þeim minjum sem kunna að koma í ljós.	Framkvæmdaraðili mun kosta þær forrannsóknir sem Minjastofnum fer fram á. Kallar ekki á viðbrögð í skipulagi.

Nr.	Athugasemd frá	Efni/varðar	Athugasemd/ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
9.6	Minjastofnun	Lög um menningarminjar	Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.	Gerð er grein fyrir ákvæðum laganna í kafla 3.10 í greinargerð skipulagsins.